



### Minnisblað hraðhleðslustöðvar umsóknir um lóðir

Á 658. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þann 11. september 2025 var skipulagsfulltrúa falið að finna hugsanlegar staðsetningar fyrir hraðhleðslustöðvar á bæjarlandi í samvinnu við hönnuði miðbæjarskipulags Ísafjarðarbæjar og vinna málið áfram.

Á 665. fundi nefndarinn var lagt fram minnisblað skipulagsfulltrúa, dags. 6. janúar 2026 um staðsetningar fyrir hraðhleðslustöðvar í miðbæ Ísfjarðar er samræmist deiluskipulagi sem er í vinnslu..

Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkti tillögur skipulagsfulltrúa um staðsetningar fyrir hraðhleðslustöðvar á Ísafirði og fól skipulagsfulltrúa að útfæra staðsetningar nánar innan skilgreindra svæða og auglýsa.

24. febrúar 2026 voru staðsetningarnar auglýstar og óskað eftir umsóknum.

#### Hraðhleðslustöðvar: Umsóknir óskast um afnot bílastæða

24.02.2026

Umsóknarfrestur var tvær vikur frá birtingu auglýsingarinnar og var frestur til **10. mars 2026**.

Staðsetningarnar eru þrjár:

1. Við Neista, út frá Pólgötu
2. Við Edinborgarhúsið, inn af Pollgötu
3. Í Neðstakaupstað, við Ásgeirsgötu 1A



Auglýst var að ef bærist fleiri en ein umsókn um sömu staðsetningu mun hlutkesti ráða úthlutun á næsta fundi skipulags- og mannvirkjanefndar.

Að því loknu mun skipulagsfulltrúi hafa samband við valda umsækjendur og hefja undirbúning samningsgerðar með það að markmiði að hraðhleðslustöðvar geti risið í nánustu framtíð.

5 aðilar sóttu um hverja staðsetningu og því þarf hlutkesti að ráða för.

<b>Hraðhleðslustöðvar - Umsóknir</b>			
<b>Lóð 1</b>	<b>Lóð 2</b>	<b>Lóð 3</b>	
<b>1. Út frá Pólgötu, við Neista</b>	<b>2. Inn af Pólgötu, við Edinborgarhúsið</b>	<b>3. Ásgeirsgata 1A, við Neðstakaupstað</b>	
Instavolt Iceland ehf.	Instavolt Iceland ehf.	Instavolt Iceland ehf.	Vilja bara einn stað
Orkusalan ehf.	Orkusalan ehf.	Orkusalan ehf.	Sækir um allar
Orka náttúrunnar ohf.	Orka náttúrunnar ohf.	Orka náttúrunnar ohf.	Sækir um allar
		Orkubú Vestfjarða ohf.	Sækja bara um Lóð 3
Tesla Motors Iceland ehf.	Tesla Motors Iceland ehf.		Sækja um Lóð 1 og Lóð 3
N1 ehf.	N1 ehf.	N1 ehf.	Forgangur: 1, 2, 3 - Til í öll